

Ed.

542. Nefndarálit

[196. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land jarðarinnar Áss í Hafnarfirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta var flutt í neðri deild og fékk þar venjulega meðferð í nefnd. M. a. var þar leitað umsagnar Landnáms ríkisins og Jarðeignadeildar ríkisins, sem mæltu með því, að sala jarðarinnar yrði heimiluð.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1964.

Bjartmar Guðmundsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Páll Þorsteinsson.
form., frsm. fundaskr.

Ásgeir Bjarnason. Jón Þorsteinsson.